

Staðreyndaiðnaður og áróður. „Fact checkers“

Væntanlega hafa flestir orðið varir við aðvörunarorð frá alþjóðlegu samfélagsmiðlunum. Það er varað við falsfréttum, óhollu lesefni, og samtímis bent á annað betra, að dómi hlutaðeigandi miðils. Þetta er afar áberandi, þegar umræða um Covid-19 á í hlut. Stundum eru miðlarnir hreinsaðir af tilteknum viðhorfum og skoðunum.

Þessi ósköp eru mörgum hugleikin, m.a. Larry nokkrum Romanoff. Hann er fyrrverandi stjórnunarráðgjafi og athafnamaður. Larry fræðir m.a. um Poynter stofnunina (Poynter Institute) í grein, sem krækt er neðanmáls:

Poynter er fjármagnað af m.a. George Soros (Stofnuninni til framdráttar opnu samfélagi – Foundation to Promote Open Society), Mannvinastofnun Bill og Melinda Gates, Fésbók, Charles Koch stofnuninni, „Fréttafrumkvæðisdeild“ Google (Google News Initiative), Þjóðlega lýðræðissjóðnum (hið borgaralega andlit leynipjónustu Bandaríkja Norður-Ameríku – CIA), Pierre Omidyar (eBay), sem fjármagnar alheimsveiruáróður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, ásamt fleirum. Það var einnig fyrirtæki Pierre, Luminare, sem fjármagnaði áróðurmynd um Hvíthjálmana, mannvina- og undirróðurssamtök í Sýrlandi.

Poynter kynnir sig sem ágóðasnauðan (non-profit) alheimsleiðtoga á sviði blaðamennsku, sem í þjónustu lýðræðisins menntar, þjálfar, styður við og talar fyrir siðsemi og sjálfstæði í fréttamennsku.

Fyrirtækið gumar af undirdeild sinni sinni, „Craig Newmark miðstöð siðfræði og stjórnunar,“ svo og þrem sannreynðarfyrirtækjum, þ.e. PolitiFact og Media Wise til viðbótar „Alþjóðlega sannreynðarnetkerfinu“ (International Fact-Checking Network – IFCN).

Ofangreint netkerfi semur staðla fyrir staðreyndamálaliða á heimsvísu. Þeir, sem þráast við að fylgja stöðlunum, eiga það á hættu að heltast úr leitarvélaestinni. Því má líta á fyrirtækið sem eins konar upplýsinga- og fréttalöggæslu.

Þessi fréttalögga stjórnar í raun ritskoðun á Fésbókinni og öðrum svipuðum vettvöngum. Poynter hefur fleiri járn í eldinum. Það er líka blaðamannaskóli, sem þjálfar rithöfunda og blaðamenn. Fyrirtækið stefnir að algjöru fjölmiðlunargerræði.

Poynter njósnað sömuleiðis og safnar upplýsingum í því skyni að öðlast yferráð yfir auglýsingamarkaðnum. Forstjóri þess, Barrett Golding, lét orð falla á þessa leið: Falskar fréttir eru atvinnugrein. Stór hluti hennar sækir tekjur sínar til auglýsinga. Það

er von okkar að skráin (yfir 515 óreiðanlegar fréttastofur) komi auglýsendum, sem vilja spyrna vilja gegn falsfréttum, að gagni, rétt eins og blaðamönnum, fréttááhugamönnum og rannsakendum.

Larry er ekki kunnugt um staðreyndamálaliða, sem starfa utan netkerfisins, enda þótt sumir séu á mála hjá almannatengladeildum nokkurra háskóla, því þær eru fjármagnaðar af sömu aðiljum. Preifiarmar Poynter ná víða. Í Noregi heitir armurinn Faktisk.no.

Ofangreindur Larry er viðfangsefni Poynter meðal margra annarra. Krækju á boðskap þeirra má sjá neðanmáls. Vinnubrögðin virðast dæmigerð. Staðreyndamálaliðinn býr til fullyrðingu, sem eignuð er Larry, áður en lesandinn er leiddur í staðreyndan sannleika, sem reyndar er margsannaður erkiþvættingur, sóttur í sérpantaða vísindagrein, skrifuð fyrir atbeina Anthony Fauci, „veirueinvalds“ Bandaríkja Norður-Ameríku.

Atlaga staðreyndamálaliða Agence France-Presse (AFP) á Samtök kanadískra fræðimanna um covid-19 (Canadian Covid Care Alliance) fyrir greiningu á vísindafúski Pfizer, er annað dæmi um vinnubrögð sannreyndarfyrirtækjanna. AFP kynnir sig til leiks á alþjóðavísu sem áreiðanlegan, ágóðasnauðan (non-profit) miðil, sem flytji lesendum sínum sannreyndar og yfirgripsmiklar fréttir af heimsmálunum.

Hlutleysi og áreiðanleiki fyrirtækisins fellur um sjálfan sig við fyrstu skoðun. Í stjórn þess sitja m.a. fimm menn með bein stjórn málaaleg tengsl; tveir þeirra við ríkisrekna fjölmiðla og þrír við fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Aukin heldur er félagsskapurinn fjármagnaður að mestu leyti af franska ríkisvaldinu, sem er mikið í mun að sannfæra franska þegna um covid-19 bólusetningarboðskapinn. Það yrði of langt mál að tíunda umræðuna hér. Bendi á krækju.

Það eru fleiri, sem leggjast á sveif með Poynter. „Trúverðugleikasamsteypan“ (Credibility Coalition) er mikilvægur samherji við að breiða út réttar skoðanir. Bakhjarlarnir eru engir aukvisar eða afturkreistingar. Gamlir kunnningar á borð við Mannkærleikastofun Bill og Melinda Gates og leyniþjónustu Bandaríkjanna í borgaralegu gervi sínu, birtast þar ljóslifandi, sem og „hugsmiðja“ (think tank), tengd Nato, Atlantic Council. Það vekur athygli, að meðal fjölda sjóða, mannþrifasamtaka, hagsmunasamtaka, auðkýfinga og opinberra bakhjarla, er að finna Norsk Kringkasting (norska RÚV) og norska rannsóknarráðið (Forskningsrådet Norge).

Trúverðugleikasamsteypan segist vinna að því markmiði að skapa sameiginlegan staðal fyrir trúverðugleika upplýsinga með því að eiga frumkvæði að aðgerðum, þar sem fólk og stofnanir hittast við margvíslega sýslu. Blaðamenn, fræðimenn, háskólakennarar, nemendur, leiðtogar, tækimenn og hinir ósérhæfðu, en áhugasömu, skapa marksækið umhverfi til rannsókna. Markmiðið er sem sagt að efla samvinnu í leit að sannleikanum, gæðum og áreiðanleika upplýsinga á netinu. En það skiptir sköpum fyrir samfélag borgaranna, segja hinir vísu.

Ég slæ botninn með orðum Larry: „Það er ekki leitinn að sannleikanum, sem er mikilvægasti tilgangur þessa staðreyndaiðnaðar, heldur er um að ræða lævíslegt tilbrigði við ritskoðun, hinsta viðleitni til að snerkja snærið um upplýsingaskjattann til að varna því, að óþægilegir sannleiksmolar velti úr honum. Fari svo, er þeim eytt umsvifalaust. Annar áhrifaríkur tilgangur sannreynðarinnar er að kæfa vitneskju um glæpi og óhæfuverk, sem framin eru af „Alþjóðlegum samtökum launráðamanna“ (International Cabal of Gangsters) og hlífa þeim við vítum almennings. Einasta skilyrði fyrir brautargegni þeirra er trúgjarn og óupplýstur almúgi.“

https://www.poynter.org/?ifcn_misinformation=larry-romanoffs-statements-claiming-who-has-taken-part-in-creating-various-viruses-in-the-laboratories-the-organization-has-spread-the-new-coronavirus-in-the-world-so-that-the-pharmaceutica

<https://www.canadiancovidcarealliance.org/wp-content/uploads/2022/01/Fact-Checking-The-Fact-Checkers-1.pdf>

<https://steigan.no/2021/06/faktasjekker-industrien-er-en-global-kampanje-for-a-sla-ned-dem-som-vil-avlore-sannheten/>

<https://www.atlanticcouncil.org/>

<https://thegrayzone.com/2019/02/18/ebay-oligarch-pierre-omidyar-funding-media/>
<https://thegrayzone.com/2019/02/18/ebay-oligarch-pierre-omidyar-funding-media/>

<https://thegrayzone.com/2019/02/20/pierre-omidyar-regime-change-cia-cutouts/>

<https://www.poynter.org/major-funders/>

https://www.moonofshanghai.com/2021/06/en-larry-romanoff-propaganda-and-media_28.htmlhttps://www.moonofshanghai.com/2021/06/en-larry-romanoff-propaganda-and-media_28.html